

# Kórónaveira

## Fyrir flug og um borð

• Ekki ferðast ef þú ert með hita, hósta, kvef, öndunarörðugleika eða flensueinkenni.



• Greindu heilbrigðisstarfsfólki frá ferðum þínum síðustu vikur.



• Ef þú finnur fyrir veikindum á ferðalaginu, láttu áhöfn vita og leitaðu læknishjálpar án tafar.



## Matvælaöryggi

• Varastu að borða hráar eða lítið eldaðar dýraafurðir (kjöt, mjólk o.s.frv.)

• Þvoðu hendur í hvert skipti sem þú meðhöndlar matvæli

## Verðu þig og aðra fyrir veikindum þegar þú ferðast og dragðu úr mögulegri smíthættu

• Þvoðu hendur oft og vel með sápu eða notaðu handspritt.



• Forðastu snertingu við einstaklinga sem eru með hita, hósta, kvef, öndunarörðugleika eða flensueinkenni.

• Þegar þú hóstar eða hnerrar, haltu fyrir munn og nef með brétt eða olnbogabót. Hentu bréttinu strax og þvoðu hendur.



• Varastu að snerta augu, nef eða munn.

## EF FARÞEGI...

### A. sýnir einkenni veikinda



• Notið hlífðarbúnað (einnota hanska og grímu) í samskiptum við farþega sem sýna einkenni öndunarfarasýkingar (hósta, hnerra, nefrennsli, hálsbólgu, öndunarörðugleika).

• Notið hanska við meðhöndlun hluta á borð við notaðar munnþurrkur, glös og matarbakka.



### B. reynist veikur skal áhöfn:



• Notaðu heilbrigðishtuta komuskýrslu til þess að skrá heilsufarsupplýsingar um borð og tilkynna til heilbrigðisyfirvalda á komustað, sé þess er krafist.

• Biðja farþega að fylla út staðsetningarkort farþega (e. passenger locator card form)\* til að gera grein fyrir hvar í vélinni farþeginn situr ásamt því að safna upplýsingum um ferðaáætlun og síma/netfang.



• Mæla með því við farþega að þeir greini frá ef þeir finna fyrir einkennum eins og lýst er að ofan.

